

Matvælaráðuneytið
Máli nr. MAR24010202



Reykjavík 31. maí 2024

Umsögn Dýraverndarsambands Íslands um umsókn um leyfi til veiða á langreyðum á grundvelli 1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar.

Með erindi sínu dagsettu 28. maí 2024 hefur matvælaráðuneytið gefið Dýraverndarsambandi Íslands (DÍŚ) kost á að veita eftirfarandi umsögn:

Dýraverndarsamband Íslands (DÍŚ) leggst eindregið gegn því að Hval hf. verði veitt umbeðið leyfi til veiða á langreyðum. Sömuleiðis leggst DÍŚ alfarið gegn veitingu nokkurs konar leyfis til hvalveiða til skemmri tíma.

Rökstuðningur

Þann 11. ágúst 2022 undirritaði þáverandi matvælaráðherra reglugerð um aukið eftirlit með veiðum á stórhvölum. Það tók þá þegar gildi og af alls 148 langreyðum, sem veiddar voru á þeirri vertíð, náði hið aukna eftirlit um borð í hvalveiðibátum Hvals hf. til 58 hvala. Í ljós kom að 33% þeirra dó ekki samstundis eða þriðjungur dýranna. Við skoðun eftirlitsmanna í hvalstöðinni í Hvalfirði kom í ljós að 36 hvalir höfðu verið skotnir oftast en einu sinni með sprengiskutlum. 5 hvalir voru skotnir þrisvar og 4 hvalir fjórum sinnum. Einum hval, með skutul í bakinu, var veitt eftirför í 5 klukkustundir án árangurs. Sá slapp helsærður. Miðgildi tíma frá fyrsta skoti til dauða þeirra hvala sem drápuð við veiðarnar sjálfar var heilar 11,5 mínútur.

Í framhaldi þessarar sláandi niðurstöðu lýsti Matvælastofnun (MAST) því yfir að aflífun á hluta stórhvela við veiðar á Íslandi hafi tekið of langan tíma út frá meginmarkmiðum laga um velferð dýra.

MAST fól því næst fagráði um velferð dýra að yfirfara eftirlitsgögn MAST og sá ráðið ekkert athugasvert við þau. Þann 16. júní 2023 birtist álit fagráðs og komst það að þeirri faglegu niðurstöðu að við veiðar á stórhvælum væri ekki hægt að uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja velferð dýra við aflífun. Með öðrum orðum, ráðið telur enga leið til að veiða svo stór dýr í hafinu á mannúðlegan hátt. Því taldi ráðið veiðar á stórhvælum ekki samrýmast ákvæðum laga nr 55/2013 um velferð dýra.

Fagráðið kallaði ýmsa sérfræðinga á sinn fund, þeirra á meðal Egil Ole Oen dýralækni og sérfræðing í hvalveiðum. Egil Ole staðfesti það, sem hann hefur áður haldið fram í grein

sinni í *Senri Ethnological Studies* frá 2021, að ekki sé hægt að tryggja skjótan dauðdaga hvalanna. Fram kemur einnig hjá Agli Ole að rafmagn tryggi ekki skjótari dauða hvala en geti þvert á móti lengt dauðatímamann í vissum tilvikum. Það að Hvalur hf hafi verið að þróa slíka tækni breytir því engu um það að ómögulegt er að stunda þessar veiðar á mannúðlegan hátt. Í þessu ljósi, og þess sem á undan greinir, leggst DÍS alfarið gegn því að nokkurt nýtt leyfi verði veitt til hvalveiða við Ísland.

Í umsókn Hvals hf er meðal annars vísað til 1. gr. reglugerðar númer 163/1973 þar sem tekið sé fram að við hrefnuveiðar skuli nota búnað sem tryggi að hrefnur aflífist samstundis eða aflífun taki sem skemmstan tíma og valdi þeim sem minnstum þjáningum. Síðan segir hvalur: „*EKKI er að finna sambærileg ákvæði um veiðar á langreyðum í reglugerðinni að frátöldum tilteknum kröfum um notkun á sprengiskutlum.*”

Það er í sjálfu sér jákvætt að Hvalur hf. skuli í umsókn sinni benda á þetta misræmi í reglugerð en það breytir ekki því að lög um dýravelferð ná yfir langreyðar en þar segir í 21 gr: „*Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Forðast skal að valda dýrum óþarfa þjáningu eða hræðslu.*”

Þá tekur ný reglugerð 895/2023 á þessu atriði en þar segir: „*Við veiðar skal ávallt stefnt að því að dýr aflífist samstundis þannig að það valdi langreyðum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma.*” DÍS bendir á að fyrir liggur að eftirför hvalveiðibáts stendur oft lengi yfir áður en dýr er skotið og veldur það, í sjálfu sér án efa í mörgum tilvikum, hvoru tveggja þjáningu og hræðslu.

Þá var það tekið fram í leyfisbréfi þáverandi sjávarútvegsráðherra til Hvals hf. árið 2019 að við veiðarnar skuli nota búnað sem tryggi að dýrin aflífist samstundis eða aflífun taki sem skemmstan tíma og valdi sem minnstri þjáningu. Ljóst er að Hvalur hf. hefur ekki farið að þessu ákvæði leyfisbréfsins.

Fram kom bæði hjá MAST sem og í álit fagráðs um velferð dýra að ekki væri ástæða til að ætla að hvalvertíðin árið 2022, og sem eftirlitsskýrsla MAST og álit fagráðs náði til, hefði verið frábrugðin öðrum vertíðum og því má ætla að þriðjungur hvala sem skotnir eru með sprengiskutli heyji að jafnaði langt dauðastríð. Það gefur auga leið að slíkar veiðar eru allsendis óviðunandi.

DÍS hefur ekki fengið í hendur eftirlitsskýrslu MAST frá því 2023 en það ár stóðu veiðar aðeins yfir í september. Eftir því sem næst verður komist er vart eða ekki tölfræðilegur munur á útkomunni út frá dýravelferðarþættinum og breytir því sú skýrsla engu um álit DÍS.

Katrín Jakobsdóttir, þá starfandi matvælaráðherra, skipaði þann 6. febrúar starfshóp um lagaumgjörð hvalveiða. Ljóst er að lög um hvalveiðar frá 1949 eru úrelt. Starfshópnum er ætlað að skila skýrslu þar sem fram komi valkostagreining um mögulegar leiðir til úrbóta og stefnumótunar. Valkostir skulu bæði taka mið af áframhaldandi veiðum sem og takmörkun eða banni við veiðum til framtíðar. Skýrslunni er ætlað að vera grundvöllur fyrir framtíðarstefnumótun um hvalveiðar. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum sínum

haustið 2024. DÍS telur einsýnt að beðið sé með langtíma ákvarðanir varðandi hvalveiðar í það minnsta þar til starfshópurinn hefur kynnt niðurstöður sínar en sambandið ítrekar áður fram komna afstöðu að hvalveiðar eigi ekki neinn rétt á sér út frá dýravelferðarsjónarmiðum.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar Dýraverndarsambands Íslands,

Linda Karen Gunnarsdóttir.

Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður